

Fundur Fagráðs í nautgriparækt haldinn í Bændahöllinni 7. febrúar 2011 kl. 11:00.

Mættir:

Aðalfulltrúar með atkvæðisrétt
Guðný Helga Björnsdóttir, fulltrúi BÍ, formaður Fagráðs
Sigurgeir Hreinsson, fulltrúi LK
Sigurður Loftsson, fulltrúi LK
Þórarinn Leifsson, fulltrúi LK (var í síma)
Magnús B. Jónsson, fulltrúi BÍ

Stuðningsfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt
Gunnar Guðmundsson
Baldur Helgi Benjamínsson
Bragi Líndal Ólafsson (sat hluta fundarins)
Þorsteinn Ólafsson
Grétar Hrafn Harðarsson (sat hluta fundarins)
Björn S. Gunnarsson
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, ritari Fagráðs (sat hluta fundarins)

Formaður setti fund og stjórnaði. Fyrir var tekið:

1. Málefni er varða þróunarsjóð nautgriparæktar.

1.1. Umsóknir í þróunarsjóðinn.

Tvær umsóknir sem frestað var á síðasta fundi komu til umfjöllunar ráðsins. Jafnframt var fjallað áfram um verkefnið betri bústjórn, sem kynnt var á síðasta fundi..

A) Umsókn Áhugafólks um heimaføðrunarverkefnið í samvinnu við nokkur
Búnaðarsambönd. Verkefnisstjóri: Þórarinn Lárusson. Sótt er um upphæð 1.750.000
ISK.

Verkefni þetta var lauslega kynnt á fundi Fagráðs þann 1. desember s.l. Þar kom fram að verkefnið væri að mati Fagráðs um margt áhugavert en ekki er augljóst um notagildi þess hvað varðar nautgriparæktina. Fagráð í nautgriparækt mælir því ekki með að verkefnið hljóti styrk úr Þróunarsjóði nautgriparæktarinnar, en vill vekja athygli umsækjenda á því að með markvissari skilgreiningu einstakra verkþátta og skýrari afmörkun með tilliti til nautgriparæktarinnar og meiri tengingu við Landbúnaðarháskóla Íslands væri líkleggra að það félli betur að skilgreiningum Þróunarsjóðsins.

B) Áburðaráætlunargerð, einkum fyrir P og K, út frá efnahlutföllum í heysýnum .
Verkefnisstjóri: Þórarinn Lárusson. Sótt er um upphæð 1.000.000 ISK.

Verkefnið er um margt áhugavert en fellur að mati Fagráðs utan ramma þróunarsjóðsins og er því ekki mælt með að verkefnið hljóti styrk.

C) Betri Bústjórn.

Þetta verkefni er komið af stað af frumkvæði LK og var rætt á síðasta fundi Fagráðs og er getið í fundargerð þess fundar undir liðnum „Verkefni til að útbúa markmiðsgildi fyrir lykiltölur í rekstri kúabúa“ Gunnar Guðmundsson kynnti verkefnið og lagði fram minnisblað varðandi uppbyggingu þess. Þá kom fram að stjórn BÍ hefur fjallað um það og lögð hefur verið fram hugmynd um að BÍ leggi verkefninu til 1.5 m.kr og LK og þróunarsjóðurinn leggi fram tilsvareandi fjárhæð hvor.

Fagráð hafði áður hvatt til þess að verkefninu yrði komið af stað og mælir fyrir sitt leyti með að það verði styrkt. Afgreiðsla bíði hinsvegar þar til formleg umsókn með sundurliðun á kostnaðarliðum berst.

1.2. Fjármagn til ráðstöfunar árið 2011.

Formaður kynnti stöðu þróunarsjóðsins en til ráðstöfunar á árinu 2011 eru samtals 17,4 m.kr., sem annarsvegar eru 5,8 m.kr frá fyrra ári og 11.6 m.kr. framlag ársins 2011.

Bændasamtök Íslands munu innan tíðar auglýsa eftir umsóknum í sjóðinn

1.3. Stöðuskýrslur v/ verkefna sem eru í vinnslu

Borist höfðu tvær stöðuskýrslur

1. Júgurhreysti: Áhrif Startvac® bóluefnis á júgurheilbrigði
2. Betri fjós

Þessi verkefni eru á áætlun og gert ráð fyrir að þeim ljúki á tilsettum tíma.

2. Skyldumerking nautgripa.

Málefnið er tekið upp vegna þess að sífellt eru að koma upp vandræði vegna þess að bændur sinna ekki þeirri frumskyldu að halda hjarðbækur og þar með geta gert grein fyrir bústofni sínum með formlegum og löglegum hætti. Þetta veldur margháttuðum vandræðum fyrir fjölmarga aðila. MAST sem er hinn ábyrgi eftirlitsaðili hefur að undanfögnu verið að herða reglur um merkingar gripa sem koma til slátrunar og það hefur komið máli þessu á dagskrá. Þorsteinn Ólafsson gerði grein fyrir þeim áformum sem MAST hefur í hyggju að beita til þess að ná betur utan um málið. All ítarleg umræða fór fram um þetta vandamál og hugsanlegar lausnir á því. Þar kom fram að nauðsynlegt er að taka málið föstum tókum og í því ljósi er skilningur á aðgerðum MAST varðandi sláturgripa. Þá kom það og skýrt fram að allar aðgerðir yrðu þó að vera með þeim hætti að þeim sem eru með sín mál í lagi væri ekki hegnt vegna þeirra sem ekki fylgja reglum. Fagráð gerði ekki sérstaka samþykkt í málinu en óskaði eftir því að verða upplýst um framvindu þess og árangur.

3. Nautgripakynbætur.

Undir þessum lið lögðu nautgriparæktarráðunautar B.Í: fram fjögur verkefni sem fjölluðu um ræktunarstarfið í nautgriparæktinni. Helstu atriði hvers þeirra voru kynnt á sérstöku minnisblaði sem lá fyrir fundinum.

3.1. Ræktunarmarkmið fyrir íslenska kúastofninn.

Kynnt var tillaga ráðunautanna að ræktunarmarkmiðum fyrir íslenska kúakynið sem þeir sögðust iðulega vera spurðir um og nefndu m.a. fyrirspurn frá Erfðanefnd

landbúnaðarins. Málið var lítillaga rætt og að því loknu vísað til fulltrúa um að skoða nánar og koma með athugasemdir. Málið verði tekið upp á næsta fundi Fagráðs.

3.2. Samstarfssamningur BÍ og LbhÍ um vinnslu og þróun kynbótamats og forgangsröðun verkefna í nautgriparækt.

Bændasamtök Íslands og Landbúnaðarháskóli Íslands eru að vinna að gerð samnings um vinnslu og þróun kynbótamats í nautgriparækt, sauðfjarrækt og hrossarækt. Samningur þessi er framhald fyrri samnings LbhÍ og BÍ um keyrslu kynbótamats fyrir viðkomandi búgreinar. Fyrir þá þjónustu greiddi BÍ um 3.5 m.kr á ári. Í nýjum samningi er gert ráð fyrir fleiri verkefnum og þar með meiri kostnaði. Í samningi þessum er gert ráð fyrir samráði við búgreinarnar um forgangsröðun verkefna og eftirlit með framvindu verksins og er gert ráð fyrir að þær leggi fram sameiginlegan forgangslista Forgangslisti hverrar búgreinar skal gerður í samráði við viðkomandi fagrád. Nautgriparæktarráðunautar lögðu fram eftirfarandi lista til umræðu.

Mat á afurðaeiginleikum Skoða möguleika á því að nýta einstaka mælingadaga fremur en heildar mjaltaskeið

Frjósemi Í núverandi kynbótamati er tímabil milli burða notað sem mælikvarði á frjósemi. Mikilvægt að bæta við mati á öðrum eiginleikum s.s. ýmsum upplýsingum úr sæðingakerfinu og upplýsingum um sæðingautin.

Mjaltir með nákvæmari mælingum á mjaltahraða er unnt að bæta mat á mjaltaeiginleikanum. Mikilvægt að hefja þegar vinnu við að þróa aðferðir við að nýta þær í mati á kynbóttagildi einstakra gripa.

Fyrir fundinum lá einnig bréf frá framkvæmdastjóra BÍ þar sem óskað er viðhorfs Fagráðs í nautgriparækt á að koma fjárhagslega að sérstökum átaksverkefnum vegna þróunar á kynbótamati í nautgriparæktinni.

Allmiklar umræður urðu um þennan lið og niðurstöður þær, að Fagrád mælir með aðkomu að fjármögnun sérstakra þróunarverkefna enda liggi fyrir formlegar umsóknir um einstök verkefni.

Varðandi forgangsröðum verkefna var það niðurstaða Fagráðs að þau skyldu vera eftirfarandi: **Frjósemi, Mjaltir, Mat á afurðaeiginleikum**

3.3. Skýrsluhaldsforritið HUPPA

Kynnt voru næstu verkefni í HUPPU. Þó kerfið megi nú teljast nær fullhannað koma eðlilega fram atriði sem auðveldlega má betrumbæta til þess að gera kerfið enn fullkomnara og betra. Þessa vinnu má kalla „nostur“ við kerfið. Til þess að koma þessari vinnu af stað þarf að tryggja fjármagn og það er ekki unnt nema að til komi stuðningur þróunarsjóðs eða annað utanaðkomandi fjármagn.

Í þessu sambandi fór fram nokkur umræða um afnotagjöld fyrir skýrsluhaldskerfið. Það var almennt sjónarmið að mikilvægt væri að skilgreina mjög vel hvað ætti að felast í hugsanlegum afnotagjöldum. Fram kom það sjónarmið að meðan að hluti notenda fær endurgjaldslausu þjónustu við skráningu inn í kerfið hjá viðkomandi Búnaðarsamböndum væri erfitt að leggja afnotagjöld á þá sem sinna sjálfir upplýsingagjöf sinni. Þá kom einnig fram að ef til vill væri mögulegt að þeir aðilar sem standa að skýrsluhaldinu og eru að nýta upplýsingar úr því skiptu með sér kostnaðinum.

Engar samþykktir voru gerðar

3.4 Breyttar áherslur í kynbótaeinkunn

Málið kynnt og lagt til að taka upp umræðu um endurskoðun á vægi einstakra eiginleika í heildar kynbótaeinkunni og þá sérstaklega umræður um eiginleika s.s júgur, spena, mjaltir, frjósemi og skap. Á fundinum urðu aðeins umræður um eiginleikann „skap“. Þar komu fram nokkuð mismunandi sjónarmið bæði varðandi vægi eiginleikans og skilgreiningu hans. Frekari umræðu frestað til næstu funda

4. Önnur mál:

4.1 Gunnar Guðmundsson kynnti framvindu í innleiðingu fóðurmatskerfisins NorFor sem miðar samkvæmt áætlun. Samið hefur verið við ráðgjafarþjónustu í Noregi (TINE) um heimild til að aðlaga þeirra kerfi að íslenskum aðstæðum. Nokkur kostnaður er við að nýta þessa lausn og óskaði Gunnar viðbragða fagraðs varðandi stuðning við að greiða hluta þessa kostnaðar með framlögum úr þróunarsjóði. Málinu vel tekið.

4.2. Baldur H. Benjamínsson vakti máls á því að auka mætti trúverðugleika skýrsluhaldsins með því að birta sem hlutfallstölu innlegg í afurðastöð samanborið við niðurstöður skýrsluhaldsins. Þessi háttur væri víða hafður á og ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að sami háttur væri viðhafður hér.

Almennt var tekið undir að þetta væri til að auka gæði skýrsluhaldsins og var í framhaldi ákveðið að kanna hvort og þá með hvaða hætti væri unnt að koma þessu við.

4.2. Formaður minnti á væntanlegan ársfund Fagraðs. Áformað er að halda hann í fyrstu viku apríl mánaðar. Fundarstaður var ekki ákveðinn né fundarefni.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 15.30

Fundargerð ritaði Magnús B. Jónsson (í fjarveru ritara)